

Mál nr. 258/2008

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar Vegagerðarinnar.

Skemmdir á bifreið er henni var ekið í holu við enda brúar.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 20.11.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 1.12.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 30.8.2008 ók M bifreið sinni, A, eftir þjóðvegi nr. 60, Vestfjarðavegi, fram hjá bænum Fossá á Hjarðarnesi og að brú sem þar er á veginum. Við brúarendann mun hafa verið djúp hola í veginum og lenti A ofan í henni. Nokkrar skemmdir urðu á A, höggdeyfir og hægra framdekk eyðilögðust.

Í tilkynningu Vegagerðarinnar um atvikið segir að ekki hafi verið “vitað um að það væri svona slæmt við brúna. Vegagerðin var á staðnum þann 28. ágúst og þá var allt í lagi. Holur myndast snöggst á malarvegum og við brúarkanta í rigningarveðrum.” Engar merkingar voru á vettvangi er óhappið varð, en svo hafi verið gert um leið og fréttir bárust af því.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá er veghaldari vegar sem er opinn almenningi til frjálsrar umferðar ábyrgur fyrir tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni, sbr. 56. gr. laganna. Með vísan til þessa síðarnefnda ákvæðis verður Vegagerðin, sem veghaldari umrædds vegar, því aðeins gerð ábyrg fyrir því tjóni sem varð á A að sýnt sé fram á að það verði rakið til gáleysis af hálfu Vegagerðarinnar að hola hafi verið óviðgerð eða viðeigandi merkingum hafi ekki verið komið upp við hana er óhappið varð. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að starfsmenn Vegagerðarinnar hafi vitað eða mátt vita um holuna, þegar A var ekið ofan í hana, eða haft tök á að gera nauðsynlegar ráðstafanir svo afstýra hefði mátt óhappinu. Að þessu virtu verður ekki talið að Vegagerðin beri ábyrgð tjóni því sem M varð fyrir vegna þeirra skemmda sem urðu á A í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Tjón M vegna skemmda á A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu Vegagerðarinnar.

Reykjavík, 2. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.